

RE: 202303071 - 10 ha landfylling í Straumsvík og efnistaka í Rauðamelsnámu, Hafnarfjarðarbæ

Til : Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>
Frá : Helga Frímenn Kristjánsdóttir <helgaf@vso.is>
Heiti : RE: 202303071 - 10 ha landfylling í Straumsvík og efnistaka í Rauðamelsnámu, Hafnarfjarðarbæ
Málsnúmer : 202303071
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Skráð dags : 31.08.2023 13:53:00
Höfundur : Helga Frímenn Kristjánsdóttir <helgaf@vso.is>
Viðhengi [image001.jpg](#)

Sæl Þórdís,

- Það mun velta á framvindu frekari hafnaruppbyggingar í Straumsvík hvernig nákvæmlega verður gengið frá námunni. Gerð verður grein fyrir því á síðari stigum framkvæmda.
- Því miður hefur Hafnarfjarðarhöfn ekki upplýsingar um fyrri efnistöku úr Rauðamelsnámu, þar sem hún tengdist ekki framkvæmdum á vegum hafnaryfirvalda.
- Rúmmál þess efnis sem tekið yrði úr Rauðmelsnámu er 104.095 m^3 , þar af 100.000 m^3 af grjóti. Samkvæmt auglýstri tillögu að deiliskipulagi er heimilt að nýta allt að 180.000 . Að svo stöddu er ekki áætluð vinnsla úr námunni fyrir önnur verkefni, nema ef síðar verði frekari vinnsla vegna frekari hafnaruppbyggingu.
- Vinnsludýpið er nokkuð breytilegt eftir þykkt klappar. Framkvæmdaraðili leggur áherslu á að fara í heillegt klapparlag. Farið verður þar sem klöppin er hvað dýpst, um 18-20 m á stórum svæðum. Ekki er ráðgert að skipta framkvæmdinni upp í áfanga. Stefnt er að hefja framkvæmdir strax í haust um leið og skipulag, matsskylduákvörðun og nauðsynleg leyfi liggja fyrir.

Kveðja,

Helga Frímenn

Umhverfis- og auðlindafræðingur, M.Sc.

Umhverfi & skipulag

V S Ó R Á Þ G J Ö F

Borgartúni 20, 105 Reykjavík, Ísland

gsm: 692 7356

netfang: helgaf@vso.is

heimasíða: www.vso.is

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.

Þessi tölvupóstur og viðhengi hans getur innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á.

Ef póstur þessi berst fyrir mistök þá vinsamlegast gerið sendanda viðvart og eyðið póstsendingunni.

From: Þórdís Stella Erlingsdóttir

Sent: fimmtudagur, 24. ágúst 2023 11:37

To: Helga Frímann Kristjánsdóttir

Subject: 202303071 - 10 ha landfylling í Straumsvík og efnistaka í Rauðamelsnámu, Hafnarfjarðarbæ

Sæl Helga,

Nú er ég að leggja lokahönd á ákvörðun vegna ofangreinds máls.

Áður en það gerist vantar mig frekari upplýsingar um:

1. Hvernig frágangi á Rauðamelsnámu verði háttað?
2. Hvort að þið hafið tölu á því hversu mikið efni hefur verið unnið úr Rauðamelsnámu hingað til þ.e. á síðustu öld skv. greinargerð.
3. Samkvæmt auglýstri tillögu að deiliskipulagi Rauðamelsnámu er um að ræða heimild upp á 180.000 m³ efnistöku. Í tilkynningunni segir hinsvegar að vinna eigi 100.000 m³ úr námunni, hvers vegna er þetta ósamræmi? Er vinnslan úr þessari námu ekki einungis fyrir þessa framkvæmd?
4. Hvernig verður vinnslunni í námunni háttað? Þ.e. hvert verður vinnsludýpið og hvernig verður áfangaskiptingin?

Með kveðju,

Þórdís Stella Erlingsdóttir

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun





10 HA LANDFYLLING Í STRAUMSVÍK OG EFNISTAKA Í RAUÐAMELSNÁMU

Viðbrögð við umsögnum og athugasemdum



22153

[https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint_29/Project1717/Documents/Matsskýrsla/22153_Straumsvik Matskyldufyrirspurn.docx](https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint_29/Project1717/Documents/Matsskýrsla/22153_Straumsvik_Matskyldufyrirspurn.docx)

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	19.07.2023	HFK/HBB	EBA	SGT

Unnið af:

VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

www.vso.is

Unnið fyrir:



Hafnarfjörður

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður



Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Hafrannsóknastofnun	1
3	Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.	1
4	Náttúrufræðistofnun Íslands	2
5	Vegagerðin	6
6	Minjastofnun Íslands	6
7	Umhverfisstofnun	6

1 Inngangur

Hér er gerð grein fyrir viðbrögðum Hafnafjarðar og Hafnarfjarðarhafnar við umsögnum eftirtalinna aðila um matsskyldufyrirspurn vegna 10 ha landfyllingu í Straumsvík og efnistöku í Rauðamelsnámu:

- Hafrannsóknarstofnun, dags. 11.05.2023.
- Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, dags. 02.05.2023.
- Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 11.05.2023.
- Vegagerðin, dags. 16.05.2023.
- Minjastofnun Íslands, dags. 16.05.2023.
- Umhverfisstofnun, dags. 31.05.2023.

2 Hafrannsóknastofnun

Í umsögn segir:

„Í tilkynningu um framkvæmd er gerð góð grein fyrir fyrirliggjandi rannsóknum á lífríki fjöru og sjávar, og hafa skýrt skilmerkilega þá áhættu sem framkvæmdin felur í sér vegna nálægðar við verndarsvæði og svæði með hátt verndargildi. Hafrannsóknastofnun telur að fyrirliggjandi rannsóknir [...] gefi þegar ágæta mynd af lífríki svæðisins.“

„Í tilkynningu um framkvæmdina er lýst þeim mótvægisáðgerðum sem eru settar fram til að draga úr áhrifum af mögulegu gruggi á lífríki sjávarbotns, fjöru og tjarna á aðliggjandi svæðum. Mótvægisáðgerðir fela í sér að fyllingarsvæði verður afmarkað með garði áður en efni er dælt frá sjó í þeim tilgangi að minnka hættu á að grugg eða laus efni berist lengra og víðar en annars er þörf á. Þar að auki verða framkvæmdir takmarkaðar ef mikill vindur er úr norðri og hætta er á meira ölduróti en ella til að minnka líkur á að grugg dreifist inn í Straumsvík og tjarnir.

Ekki er vísað til rannsókna eða reynslu af slíkum áðgerðum og verður því nauðsynlegt að fylgjast með virkni þeirra á meðan á framkvæmdum stendur og haga framkvæmdum eftir aðstæðum t.d. með tilliti til strauma, sjávarstöðu og vinda.“

Viðbrögð: Fylgst verður með virkni áðgerðanna á meðan á framkvæmdum stendur og þeim hagað eftir aðstæðum t.d. með tilliti til strauma, sjávarstöðu og vinda, í þeim tilgangi að draga úr gruggmyndun eins og kostur er. Stefnt er að því að hafa samráð við fagaðila við mótun vöktunaraðgerða og viðbragðsáætlunar.

3 Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

Í umsögn segir:

„Heilbrigðisnefnd telur að í greinagerðinni sé nægjanlega gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum. Inn af Straumvíkinni er að finna ísaltar tjarnir, svokallaðar Straumsvíkurtjarnir. Tjarnirnar eru á náttúruinjasrá vegna einstakra lífsskilyrða. Mikilvægt er að farið verði í mótvægisáðgerðir til að takmarka áhrif framkvæmda á tjarnirnar og gerð verði viðbragðsáætlun sem tryggir að lífríki tjarnanna verði ekki fyrir skaða.“

Viðbrögð: Fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir fela í sér að fyllingarsvæði verður afmarkað með garði áður en efni er dælt frá sjó í þeim tilgangi að minnka hættu á að grugg eða laus efni berist lengra og víðar en annars er þörf á. Þar að auki verða framkvæmdir takmarkaðar ef mikill vindur er úr norðri og hætta er á meira ölduróti en ella til að minnka líkur á að grugg dreifist inn í Straumsvík og tjarnir. Í kjölfar umsagna var ákveðið að áður en framkvæmdir hefjast verði unnið að gerð viðbragðsáætlunar um aðgerðir sem gripa skuli til verði vart við breytingar á tjörnunum í samráði við heilbrigðiseftirlitið og Náttúrufræðistofnun Íslands.

4 Náttúrufræðistofnun Íslands

Í umsögn segir:

„Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með tilkynningunni og telur að framkvæmdin eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum vegna eftirfarandi:

Framkvæmdin skiptist í tvo meginþætti.

Landfylling í Straumsvík:

Áform um landfyllingu við Straumsvík er fyrsti áfangi af fjórum. Stefnt er að umhverfismati á 2-3 áfanga en ekki þeim fyrsta þó hann sé stærstur af áföngunum fjórum þegar þeir eru bornir saman sitt í hvoru lagi. Náttúrufræðistofnun telur eðlilegast að unnið sé umhverfismat fyrir alla fjóra áfanga samtímis til að meta heildaráhrif framkvæmdarinnar.

Sérstaklega er mikilvægt að huga að umhverfisáhrifum í upphafi heildarframkvæmdar áður en hafist er handa við fyrsta áfangann. Landfyllingar eru stórtækar framkvæmdir sem valda óafturkræfu raski á haf- og strandsvæðum og þar með búsvæðum lífvera og landslagi, sem og tímabundinni mengun og ónæði fyrir lífríki á framkvæmdatíma. Afar brýnt er að ásættanleg þekking sé á þessum áhrifum áður en framkvæmdin hefst.“

Viðbrögð: Framkvæmdir samkvæmt 1. áfanga eru í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025. Samkvæmt aðalskipulaginu er gert ráð fyrir landfyllingu á grynningum norðan þeirrar landfyllingar sem fyrir er. Ekki er um að ræða land sem nýtist sem höfn eða viðlegubryggjur, þ.e. skip munu ekki leggjast að landfyllingunni. Umfang grjótnáms verður ávallt undir viðmiðunarmörkum um matsskyldu. Landfyllingin getur staðið ein og sér og er ekki háð stækkun á hafnarmannvirkjum, sbr. 2-4. áfanga, en getur nýst framtíðarframkvæmdum á hafnarsvæðinu.

Þar sem 1. áfangi getur staðið einn og sér, er óháður öðrum áföngum og er undir viðmiðunarmörkum um matsskyldu var talið ákjósanlegt að hann yrði tilkynningarskyldur. Áfangar 2.-4. eru ekki í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 og eru umfangsmeiri. Þeir eru matsskyldir og verður undirbúningur fyrir matsferlið hafinn um leið og frekari upplýsingar, hönnun og umfang síðari áfanga liggja fyrir. Óskað var eftir afstöðu Skipulagsstofnunar til þess að skipta matsferlinu í tvö þrep og þann 18. ágúst 2022, fellst Skipulagsstofnun á að landfylling skv. 1. áfanga yrði tilkynnt til stofnunarinnar og hlyti málsmeðferð á grundvelli 19. og 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Framkvæmdasvæðið er við Straumsvíkurhöfn og Rauðamelsnámu. Hafnarsvæðið stendur á Kapelluhrauni sem er eldhraun en því hefur verið raskað mikið nú þegar við Reykjanesbrautina og á hafnarsvæðinu. Ásýnd hafnarsvæðisins mun ekki taka miklum breytingum við gerð landfyllingarinnar. Svæðið og þar með talið strandlengjan, er nú þegar manngert. Rauðamelsnáma stendur á Hrutagjárdyngjuhrauni, sem er eldhraun. Á síðustu öld var unnið mikið magn af gjalli úr námunni. Til skoðunar voru sex aðrir staðir

fyrir efnistöku. Aðrir kostir til efnistöku er talsvert fjær eða krefjast meira rasks til að sækja nauðsynlegt efni. Efnistökusvæði er að mestu leyti í hvarfi frá Reykjanesbraut.

Framkvæmdasvæðið, þar með talin landfyllingin, er utan verndarsvæða. Landfyllingin er þó í nálægð við svæði á C-hluta náttúruminjaskrár, „112. Straumsvík“. Helstu umhverfisáhrif varðandi landfyllingu eru talin vera vegna mögulegs gruggs á framkvæmdatíma en það gæti borist út fyrir afmörkun fyrirhugaðrar landfyllingar og kann að hafa tímabundin neikvæð áhrif á lífríki sjávarbotns utan þess og á lífríki fjöru austan við hana. Minni líkur eru taldar á því að gruggmyndun í sjó muni hafa áhrif á sjávarbotn innan Straumsvíkur og Straumstjarnir vegna þess að víkin er vestan við framkvæmdasvæðið og strandstraumurinn gengur réttsælis í kringum landið, frá vestri til austurs. Hvað fjörlífríki varðar munu framkvæmdirnar ekki valda beinu raski á náttúrulegri fjöru og því áhrif á fjöru metin óverulega neikvæð. Gert er ráð fyrir að á tiltölulega fáum árum muni fjörutegundir úr nágrenninu nema land í nýrri grjótvörn. Að teknu tilliti til tiltölulega stutts framkvæmdatíma og mótvægisáðgerða eru framkvæmdirnar taldar hafa óveruleg áhrif á Straumsvík og Straumsvíkurtjarnir. Mótvægisáðgerðir felast í því að fyllingarsvæði verði afmarkað með garði áður en efni er dælt frá sjó. Framkvæmdir verða takmarkaðar ef mikill vindur er úr norðri og hætta er á meira ölduróti. Framkvæmdaraðili vinnur að því að móta vöktunar- og viðbragðsáætlun til að draga sem kostur er úr gruggmyndun.

Framkvæmdirnar eru taldar líklegar til að hafa óveruleg áhrif á flesta umhverfisþættina sem voru til skoðunar í matskyldufyrirspurn, þar með talið lífríki sjávarbotns, fjöru og tjarna. Helstu neikvæðu áhrifin verða á jarðminjar og útivist. Þar að auki eru framkvæmdirnar taldar hafa óveruleg til neikvæð áhrif á ásynd og landslag, fornleifar og lífríki á landi. Umfang helstu umhverfisáhrifa liggur fyrir. Niðurstaða matsskyldufyrirspurnarinnar er að framkvæmdir séu ekki líklegar til að valda verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum í skilningi laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Í umsögn segir:

„Framkvæmdasvæðið er í mikilli nálægð við svæði á C-hluta náttúruminjaskrár, „112. Straumsvík“ sem er metið með hátt verndargildi vegna lífríkis í fjörum og tjörnum með fersku og ísöltu vatni í innan- og vestanverðri Straumsvík. Þar er einnig mikið fuglalíf. Þetta verndarsvæði er óneitanlega á áhrifasvæði framkvæmdar við landfyllingu og því grundvallaratriði að umhverfisáhrif séu metin gaumgæfilega, einkum á lífríki en einnig t.d. straumafar og sjávarföll. Fyrsti áfanginn er sá sem er næstur þessu viðkvæma svæði og því eðlilegt að mat á umhverfisáhrifum nái til hans, en ekki einungis síðari þrjá áfanga sem verða staðsettir norðan og austan við þann fyrsta.“

„Nauðsynlegt er að kortleggja betur lífríki svæðisins sem getur orðið fyrir áhrifum. Athuganir á lífríki Straumsvíkur eru komnar vel til ára sinna en nýrri athuganir eru að mestu bundnar við svæði austan við áætlaða landfyllingu. Þá þarf að meta með líkanagerð hvort og hvernig grugg gæti borist inn í Straumsvík á framkvæmdatíma og hvort hætta sé á að það geti borist innar í víkina.“

Viðbrögð: Miðað við fyrirliggjandi gögn, mótvægisáðgerðir og vöktunaráætlun telur framkvæmdaraðili að hægt sé að draga eins og kostur er úr áhrifum og að þau verði ekki umtalsverð í skilningi laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Í matsskyldufyrirspurn kemur fram að lífríki sjávarbotns, fjöru og tjarna verði fyrir óverulegum áhrifum af framkvæmdunum. Það mat byggir á margvíslegum gögnum. Í kjölfar umsagna var ákveðið að áður en framkvæmdir hefjast verði unnið að gerð

viðbragðsáætlunar um aðgerðir sem gripa skuli til verði vart við breytingar á tjörnunum í samráði við heilbrigðiseftirlit og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Í þessu samhengi vill framkvæmdaraðili einnig benda á að í umsögn Hafrannsóknarstofnunar kemur fram að gerð sé góð grein fyrir fyrirbyggjandi rannsóknum á lífríki fjöru og sjávar, og hafi skýrt skilmerkilega þá áhættu sem framkvæmdin feli í sér vegna nálægðar við verndarsvæði og svæði með hátt verndargildi. Hafrannsóknastofnun telur að fyrirbyggjandi rannsóknir gefi þegar ágæta mynd af lífríki svæðisins. Heilbrigðisnefnd telur að í greinagerðinni sé nægjanlega gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaraðili vill sömuleiðis benda á að hafnarsvæðið sem fyrir er í Straumsvík er landfylling. Þar var áður byggður 220 metra hafnarbakki, 100 metra viðlegukantur sem og á svæðinu eru flæðigryfjur álversins. Þar af leiðandi eru fyrirhugaðar framkvæmdir við gerð landfyllingar framhald af manngerðu svæði í Straumsvík.

Talið er að fyrirhuguð landfylling liggja vel við sjó. Myndast getur öldurót í vondu veðri þegar aldan skellur á núverandi viðlegukanti og mætir svo nýrri öldu sem kemur inn. Í slíku veðri getur verið ómögulegt fyrir skip að vera við bryggju inn í Straumsvíkinni og þarf þá að færa þau. Hlutverk nýrrar landfyllingar er m.a. að draga úr þessum áhrifum. Ný landfylling er ekki talin hafa áhrif á öldustefnu eða öldufar að öðru leyti.

Í umsögn segir:

„Efnistaka í Rauðamelsnámu:

Um er að ræða mikla stækkun á Rauðamelsnámu, sem er staðsett í Hrútagjárdyngjuhrauni. Þó það sé alla jafna æskilegra að stækka námur frekar en opna nýjar þegar þörf er á miklu efni, þá verður að taka tillit til þess rasks sem verður við stækkun námunnar. Í þessu tilfalli er um að ræða efnistökusvæði á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Stefnt er að sækja 100.000 rúmmetra af efni í Rauðamelsnámu vegna vinnu við fyrsta áfanga landfyllingar í Straumsvík. Miðað við mynd 5.1. á að nær þrefalda stærð efnistökusvæðisins sem er mjög mikil stækkun.“

„Rauðamelsnáman er þar sem áður var forn gervígur sem Hrútagjárdyngjuhraun rann í kring um. Sjálfur gervígurinn er löngu horfinn vegna efnistöku á rauðamöl, en það sem eftir er af mynduninni er samt sem áður áhugaverð og hluti af jarðsögu svæðisins. Við stækkun námunnar verður mikið rask á hrauni sem er undir vernd og er þar að auki á þessum slóðum mjög svipfagurt með áberandi rishólum og sprungum sem setja mikinn svip á landslagið og hafa hátt verndargildi sem einstakar jarðmyndanir. Vel sést á loftmyndinni á mynd 5.1. að mikið er af þessum rishólum á áætluðu stækkunarsvæði. Kortleggja þyrfti betur hraunmyndanir í námunda námunnar til að meta hvort áætluð stækkunaráform séu þau heppilegust og til að meta hve verðmætum náttúruminum yrði fórnad. Í hrauninu geta einnig verið vaxtarstaðir sjaldgæfra og sérstæðra plantna t.d. burknategunda, einkum í sprungum. Mikilvægt er að skoðað sé hversu mikið rask yrði á slíkum vaxtarstöðum og hvort einhverjar friðaðar eða válistaplöntur gæti leynst þar á meðal.“

Viðbrögð: Að mati Hafnarfjarðarbæjar og Hafnarfjarðarhafnar er óhjákvæmilegt að raska eldhrauni vegna stækkunar Straumsvíkurhafnar. Í undirbúningi framkvæmdar hafa ólíkir valkostir um efnistökuastaði verið til skoðunar. Af þeim námum sem skoðaðar voru þykir Rauðamelsnáma ákjósanlegust, meðal annars vegna hlutfalls stórgrýtis, nálægðar við framkvæmdasvæði og að verið sé að nýta gamla námu frekar en að opna nýja. Aðrir

kostir til efnistöku eru ekki ákjósanlegir sökum skorts á stórgrýti eða krefjast meira rasks til að sækja nauðsynlegt efni. Markmið framkvæmda felur í sér að stækka hafnarsvæðið í Straumsvík til að búa til rými til þess að unnt verði að byggja upp aðstöðu fyrir umhverfisvænan nýsköpunariðnað á svæðinu og telur Hafnarfjarðarbær að fyrir liggji skýrir hagsmunir til að auka atvinnumöguleika á svæðinu og nýsköpun. Þar sem raska þarf eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd þá er framkvæmdin metin hafa neikvæð áhrif á jarðmyndanir. Sú niðurstaða liggur fyrir og ekki er talið að mat á umhverfisáhrifum myndi skila öðrum niðurstöðum.

Árið 2018 vann Náttúrufræðistofnun Íslands skýrslu um gróðurfar, vistgerðir, fuglalíf og jarðminjar vegna mats á umhverfisáhrifum Suðurnesjalínu 2.¹ Þar er ítarleg umfjöllun um plöntur á valista og jarðmyndanir á svæðinu. Rauðamelsnáma var innan athugunarsvæðisins. Fullnægjandi upplýsingar liggja því fyrir um gróðurfar og jarðmyndanir á svæðinu og er gerð grein fyrir þeim í matsskyldufyrirspurn. Umhverfismat er því ekki talið koma til með að bæta við nýjum upplýsingum um svæðið. Engu síður hefur framkvæmdaraðili ákveðið að koma til móts við umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Áður en framkvæmdir hefjast verður athugað hvort einhverjar breytingar séu sýnilegar frá kortlagningu svæðisins árið 2018. Ef það finnast vaxtarstaðir planta sem eru á valista eða friðaðar sbr. auglýsingu um friðlýsingu æðplantna, mosa og fléttna tekið gildi (auglýsing nr. 1385) verður kannað hvort það eigi við að færa til plöntur eða hnika til afmörkun efnistökusvæðisins.

Í umsögn segir:

„Mikið rask hefur nú þegar verið á nútímahrauni í landi Hafnarfjarðarbæjar vegna margvíslegrar uppbyggingar og framkvæmda. Á sama tíma hefur lítið sem ekkert verið verndað umfram það sem lágmarksverndun sérstakrar verndunar og skráning á C-hluta náttúruminjaskrár hefur fram að færa.“

Viðbrögð: Hafnarfjarðarbær og Hafnarfjarðarhöfn taka undir með mikilvægi þess að draga eins og kostur er úr raski á eldhrauni. Samanber umfjöllun í matsskyldufyrirspurn er Rauðamelsnáma valin m.a. vegna þess að aðrir kostir til efnistöku krefjast meira rasks til að sækja nauðsynlegt efni. Leitast verður við að raska eins takmörkuðu svæði og hægt er.

Í umsögn segir:

„Skoða þarf vandlega samlegðaráhrif framkvæmdar af þessum toga, sem myndi auka við slíkt rask með tilheyrandi tjóni á jarðminjum, mögulegum vaxtarstöðum sjaldgæfra plantna og miklum ásýndaráhrifum á landslag, við aðrar áformaðar framkvæmdir í nágrenninu t.d. vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar og starfsemi CarbFix. Verðmæt náttúra svæðisins sem m.a. er nú þegar að hluta undir vernd skv. ákvæðum náttúruverndarlaga, er undir töluverðu álagi. Náttúrufræðistofnun telur það vera lágmarkskrafa að umhverfismat sé framkvæmt á svo stórfelldri efnistöku á þessu svæði. Þá ættu mótvægisaðgerðir að fela í sér að tryggja betur verndun nútímahrauns á þessum

¹ Náttúrufræðistofnun Íslands 2018. [Úttekt á náttúrufari vegna Suðurnesjalínu 2.](#)

slóðum t.d. með því að skilgreina fleiri og öflugri verndarsvæði og veða þannig upp rask vegna framkvæmda, sem þegar hefur orðið og sem áformað er.“

„Framkvæmdirnar tvær eru nátengdar og tilkynntar hér sameiginlega. Að mati Náttúrufræðistofnunar eru sterk rök fyrir því að hvor framkvæmdin fyrir sig eigi að fara í umhverfismat og enn sterkari fyrir sameiginlega ákvörðun um þær báðar.“

Viðbrögð: Til að tryggja umfjöllun um samlegðaráhrif var landfylling og efnistaka metin í sömu matsskyldufyrirspurn. Í undirbúningi framkvæmda hefur verið byggt á umhverfismati og álit Skipulagsstofnunar gagnvart tvöföldunar Reykjanesbrautar, og undirbúningi fyrirtækisins CarbFix. Því hefur verið horft til samlegðaráhrifa. Að mati Hafnarfjarðarbæjar hefur staðsetning á tvöföldun Reykjanesbrautar dregið verulega úr áhrifum á eldhraun og vistgerðir frá fyrri áformum. Jafnframt er framkvæmdum CarbFix beint að stórum hluta á manngerð og röskuð svæði. Því fær framkvæmdaraðili ekki séð samlegðaráhrif annarra framkvæmda geti verið rök fyrir matsskyldu landfyllingar í Straumsvík.

Miðað við fyrirliggjandi gögn er ekkert sem bendir til þess að samlegðaráhrif séu meiri en þau beinu áhrif sem fjallað er um í matsskyldufyrirspurninni. Að mati Hafnarfjarðarbæjar og Hafnarfjarðarhöfn eru umhverfisáhrif vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar ekki þess eðlis að þau geti talist umtalsverð í skilningi laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

5 Vegagerðin

Í umsögn segir:

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir en vill benda á að æskilegt er að tryggja að mül og annað sem getur dregið úr umferðaröryggi berist ekki inn á Reykjanesbraut. Hafa ber í huga að útfærsla tenginga við Reykjanesbraut skulu vera gerðar í samráði við Vegagerðarinnar og huga þarf að samspili við fyrirhugaðrar framkvæmda vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar sem standa til.

Viðbrögð: Hafnarfjarðarbær og Hafnarfjarðarhöfn munu leita leiða svo að mül og annað sem getur dregið úr umferðaröryggi berist ekki inn á Reykjanesbraut. Útfærsla tenginga við Reykjanesbraut verða gerðar í samráði við Vegagerðarinnar.

6 Minjastofnun Íslands

Í umsögn segir:

„Minjastofnun Íslands telur að fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguð framkvæmdasvæði landfyllingar í Straumsvík og um áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar. Stofnunin fellst á þær mótvægisáðgerðir sem settar eru fram í skýrslu Hafnarfjarðarbæjar.“

Viðbrögð: Umsögn krefst ekki viðbragða af hálfu Hafnarfjarðarbæjar og Hafnarfjarðarhafnar.

7 Umhverfisstofnun

Í umsögn segir:

„Helstu framkvæmdaþættir eru 10 ha landfylling í Straumsvík, grjót úr Rauðamelsnámu 100.000 m³ og efni sótt í sjó 180.000 m³. Í greinagerð kemur fram að 104.095 m³ rúmmál efnis verði tekið úr Rauðamelsnámu. Ekki er ljóst hvaða efni hér er um að ræða, hvort þetta eru lausefni og kjarni annað en stórgrýti?“

Viðbrögð: Samanber umfjöllun í matsskyldufyrirspurn, er hlutfall stórgrýtis ein ástæða þess að Rauðmelsnáma þykir ákjósanlegust þeirra sex náma sem voru til skoðunar. Í köflum 5.2. og 6.5. segir að í Rauðamelsnámu verður sótt grjót, 100.000 m³, sem nauðsynlegt er í grjótvörn. Auk þess verður sótt laust efni sem fellur til við grjóttökuna.

Í umsögn segir:

„Fram kemur í greinargerð að hér sé um fyrsta áfanga framkvæmda sem gjörbreyta munu svæðinu með landfyllingum, efnistöku og nýjum byggingalóðum sunnan Reykjanesbrautar. Umhverfisstofnun telur að hér sé einungis um upphaf framkvæmda á svæðinu og er óljóst hvernig landfyllingin muni nýtast og hvað skilgreinir stærð hennar og mun það ekki koma í ljós fyrir en síðar. Umhverfisstofnun vill benda á að við landfyllingar í öðrum og þriðja áfanga er ekki útilokað að meira efni verði sótt í Rauðamelsnámu. Ef svo er ætti að skoða heildar efnistöku úr námunni.“

Viðbrögð: Fyrirhuguð landfylling sem er hluti af 1. áfanga getur staðið ein og sér og er ekki háð stækkun á hafnarmannvirkjum, sbr. 2-4. áfanga, en getur nýst framtíðarframkvæmdum á hafnarsvæðinu. Engar byggingarlóðir eru fyrirhugaðar sunnan Reykjanesbrautar. Gert er ráð fyrir að landfyllingin nýtist sem athafnasvæði fyrir hafnsækna starfsemi. Eins og segir í kafla 6.5. þá mun helstu einkenni ásýndar hafnarsvæðisins ekki taka miklum breytingum við gerð landfyllingarinnar þar sem svæðið og þar með talið strandlengjan, er nú þegar manngerð. Hafnarsvæðið verður þó stærra og mun ásýnd þess breytast að því leyti. Vegurinn að hafnarsvæðinu er ekki talinn hafa áhrif á ásýnd og landslag svæðisins þar sem það er nú þegar mjög raskað. Efnistakan úr Rauðamelsnámu mun stækka námuna og gera hana meira áberandi og er talið að ásýnd og landslag verði þar af leiðandi fyrir óverulegum til neikvæðum áhrifum. Umfang efnistöku fyrir 1. áfanga er undir viðmiðunarmörkum um matsskyldu. Efnistaka fyrir síðari áfanga verður skoðuð sérstaklega í umhverfismati þegar frekari upplýsingar um hönnun og umfang liggja fyrir. Þann 18. ágúst 2022 fellst Skipulagsstofnun á að landfylling skv. 1. áfanga yrði tilkynnt til stofnunarinnar og hlyti málsmeðferð á grundvelli 19. og 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Í umsögn segir:

„Að mati Umhverfisstofnunar þarf að gæta varúðar þannig að grunnvatn mengist ekki vegna viðkvæms lífríkis í Straumstjórnum. Því ætti strax í upphafi að skoða heildar efnistöku, vinnsludýpi og fleira sem gæti haft neikvæð áhrif á grunnvatn.“

Viðbrögð: Samanber umfjöllun í matsskyldufyrirspurn má helst gera ráð fyrir að mengun geti borist í grunnvatn ef umferðaróhöpp verða eða ef olía berst í jarðveg í tengslum við flutninga efnis til hafnarsvæðisins. Vegna mikillar þynningar í grunnvatnshlotinu er talið ólíklegt að framkvæmdirnar og möguleg óhöpp muni breyta einkennum grunnvatnshlotsins og ástandi þess. Í umræddum framkvæmdum er ekki fyrirhuguð vinnsla á grunnvatni. Þá er framkvæmdasvæðið ekki á vatnsverndarsvæði. Áhrif framkvæmda eru því talin óveruleg á grunnvatn.

Í umsögn segir:

„Hér er verið að hefja framkvæmdir sem munu umturna öllu svæðinu norðan og sunnan Reykjanesbrautar við Straumsvík. Fyrirhuguð er gríðarleg vatnstaka og er vandséð hvernig slík vatnstaka muni viðhalda því ástandi vatns og sjávar sem gerir t.d. Straumstjarnir svo merkilegar. Umhverfisstofnun sér ekki neina knýjandi ástæðu fyrir því

að hefja þarna framkvæmdir í flýti og meta einungis umhverfisáhrif seinni áfanga. Skoða þarf vel allt málið frá upphafi hvort allar fyrirhugaðar framkvæmdir og niðurdæling úrgangs frá Evrópu sem þurfa mun gríðarlegt magn af vatni sé í raun góð nýting á þessu vatni sem gæti mögulega nýst sem neysluvatn seinni tíma. Umhverfisstofnun veur athygli á að fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.“

„Samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun eiga öll vatnshlot að ná umhverfismarkmiðum sínum og ástand þeirra má ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið. Vatnshlotin sem um ræðir eru grunnvatnshlotið Straumsvíkurstraumur nr. 104-265G og strandsjávarhlotið Straumsvík-Kjalarnes nr. 104-1391-C. Í skýrslu sem Veðurstofa Íslands vann fyrir Umhverfisstofnun² um grunnvatnshlot sem kunna að vera undir marktæku álagi vegna vatnstöku er Straumsvíkurstraumur þar metinn undir miklu álagi miðað við þáverandi nýtingu og gögn. Ástand vatnshlotanna tveggja hefur ekki verið metið vegna skorts á gögnum og því ekki ljóst hvort þau nái umhverfismarkmiðum sínum. Ástandið þarf að vera þekkt áður en frekari framkvæmdir fara fram á svæðinu og skal því framkvæmdaraðili vakta gæðabætti í strandsjó og grunnvatni áður en leyfi fyrir framkvæmdum fæst svo hægt sé að staðfesta vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand strandsjávarhlotsins og magnstöðu og efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins.“

Viðbrögð: Bent er á að verkefnið sem hér um ræðir snýr að landfyllingu í Straumsvík og efnistöku í Rauðamelsnámu, en þar eru helstu áhrifaþættir framkvæmda á jarðminjar og útivist líkt og gerð er grein fyrir í matsskyldufyrirspurn. Hafnarfjarðarbær og Hafnarfjarðarhöfn vekja athygli á að engin sérstök vatnstaka er áætluð vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Unnið er að umhverfismati fyrirhugaðrar starfsemi Carbfix, sem er óháð þeirri framkvæmd sem er hér til umfjöllunar.

Líkt og fjallað er um í matsskyldufyrirspurn eru framkvæmdir taldar ólíklegar til að hafa áhrif á grunnvatn. Helst gæti mengun borist í grunnvatn ef umferðaróhöpp verða eða ef olía berst í jarðveg í tengslum við flutninga efnis til hafnarsvæðisins. Samkvæmt stöðuskýrslu fyrir Vatnasvæði Íslands kemur fram að grunnvatnshlotið Straumsvíkurstraumur er ekki talið í hættu og að það nái umhverfismarkmiðinu um gott ástand.³ Einnig kemur fram í sömu skýrslu að samkvæmt mati Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis sé mjög lítil hættu á að mengunarefni mælist í grunnvatninu vegna mikillar þynningar í grunnvatnshlotinu vegna sterkra strauma og mikils vatnsmagns. Í Vatnavefsjá Stjórnar vatnamála er skráð að grunnvatnshlotið nái umhverfismarkmiðinu um gott efnafræðilegt ástand, auk þess sem magnstaða þess er skráð góð, byggt á áreiðanleikamati þar sem að ástand grunnvatnshlotsins hefur ekki verið metið⁴.

Miðað við að ekki er talið að fyrirhugaðar framkvæmdir muni valda álagi á grunnvatnshlotið þar sem engin vatnstaka er áætluð og lítil hættu er talin á því að

² Veðurstofa Íslands 2020. [Tillögur að grunnvatnshlotum sem kunna að vera undir marktæku álagi vegna vatnstöku og/eða endurnýjunar af mannavöldum.](#)

³ Umhverfisstofnun 2013. [Stöðuskýrsla fyrir vatnasvæði Íslands.](#)

⁴ Vatnavefsjá stjórnar vatnamála: <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/104-265-G>

mengunarefni berist í grunnvatn þá telur Hafnarfjarðarbær og Hafnarfjarðarhöfn að ekki í verkahring framkvæmdaaðilans að meta ástand grunnvatnshlotsins áður en framkvæmdir hefjast eða að vakta það. Bent er á að skv. 14. gr. reglugerðar nr. 535/2011 er ekki gerð krafa um að grunnvatnshlot sé vaktað ef það er ekki undir álagi. Lítil hætta er talin á því að fyrirhuguð framkvæmd valdi álagi á grunnvatnshlotið eins og áður sagði.

Hafnarfjarðarbær og Hafnarfjarðarhöfn er kunnugt um viðmið fyrir gæðabætti í strandsjó, sem eru lögð fram í skýrslu Hafrannsóknarstofnunar árið 2022⁵ en benda jafnframt á að þau viðmið eru ekki til staðar í núverandi regluverki til að meta ástand strandsjárvar. Einnig er bent á að lífríki sjávarbotns í nágrenni framkvæmdasvæðisins hafi verið skoðað og að gert sé ráð fyrir að það sé áþekkt því sem fer undir landfyllingu. Talið er að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á strandsjárvarhlotið Straumsvík-Kjalarnes þar sem að um staðbundin áhrif á lífríki sjávarbotns sé að ræða og að ekki verður rask á náttúrulegri fjöru. Strandsjárvarhlotið er stórt, nær upp á Kjalarnes, opið fyrir öldu og er í Vatnavefsja Stjórnar vatnamála ýmislegt álag á það skráð⁶. Þrátt fyrir það er samkvæmt stöðuskýrslu fyrir Vatnasvæði Íslands svo metið í ljósi vöktunarniðurstaðna að það sé ekki í hættu og gert ráð fyrir að það nái umhverfismarkmiðinu um gott ástand. Í ljósi framangreinds og eðlis fyrirhugaðrar framkvæmdar telur Hafnarfjarðarbær og Hafnarfjarðarhöfn ekki réttmætt krafa að vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand þess sé metið áður en fyrirhuguð framkvæmd hefst.

Í umsögninni segir:

„Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að varp dýpkunarefna og náttúrulegra óvirkra efna í hafið, þ.e. fastra jarðefna, er háð leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Með umsókn um varp í hafið þurfa stofnuninni að berast upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.“

Viðbrögð: Hafnarfjarðarbær og Hafnarfjarðarhöfn munu sækja um viðeigandi leyfi til Umhverfisstofnunar áður en framkvæmdir verða hafnar.

Í umsögn segir:

„Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun að hér sé verið að hefja mikla mannvirkjagerð sem ef gengur eftir mun hafa umalsverð áhrif á landslag, grunnvatn og mögulega lífríki Straumtjarna og ætti því að skoðast í heild með seinni áföngum framkvæmdarinnar.“

Umhverfisstofnun telur að ekki sé unnt að réttlæta umtalsverð- og óafturkræf umhverfisáhrif á Íslandi í því skyni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í öðrum löndum nema fyrir liggja samningar stjórnvalda um slíkar aðgerðir.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og telur því stofnunin framkvæmdina háða mati á umhverfisáhrifum.“

Viðbrögð: Hafnarfjarðarbær og Hafnarfjarðarhöfn taka ekki undir með Umhverfisstofnun um matsskyldu framkvæmdar. Auk þess virðist sem Umhverfisstofnun sé að byggja umsögn sína á mun umfangsmeiri framkvæmdum en kynnt eru í matsskyldufyrirspurn. Í

⁵ Hafrannsóknastofnun 2022. [Gæðabættir og viðmiðunaraðstæður strandsjárvarvatnshlota.](#)

⁶ Vatnavefsja stjórnar vatnamála: <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/104-1391-C>

samræmi við umfjöllun í matsskyldufyrirspurn er tilgangur fyrirhugaðrar framkvæmdar að búa til aðstöðu fyrir umhverfisvænan nýsköpunariðnað á svæðinu. Verkefnið felur í sér 10 ha landfyllingu í Straumsvík auk efnistöku í Rauðamelsnámu. Verkefnið snýr ekki að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegund hérlendis eða erlendis.

Framkvæmdaraðili telur að byggt á fyrirliggjandi gögnum og umsögnum fagstofnana að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð og óafturkræf umhverfisáhrif í för með sér.

Líkt og fjallað er um í matsskyldufyrirspurninni, er núverandi umhverfi á hafnarsvæði nú þegar manngert. Hvað varðar efnistöku í Rauðamelsnámu, þá munu framkvæmdirnar hafa áhrif á ásýnd þess og raska eldhrauni. Fyrirhugaðra framkvæmda eru taldar vera óveruleg til neikvæð áhrif á ásýnd og landslag og neikvæð áhrif á eldhraun. Áhrif á þessa umhverfispætti liggja fyrir.

Framkvæmdarsvæði er ekki staðsett á vatnsverndarsvæði og þekkt er að sterkur grunnvatnsstraumur í sjó er á svæðinu. Líkt og fjallað er um í matsskyldufyrirspurn eru framkvæmdir taldar ólíklegar til að hafa áhrif á grunnvatn. En þá helst gæti mengun borist í grunnvatn ef umferðaróhöpp verða eða ef olía berst í jarðveg í tengslum við flutninga efnis til hafnarsvæðisins.

Hafnarfjarðarbær og Hafnarfjarðarhöfn gera sér grein fyrir einstöku lífríki í Straumsvíkurtjörnnum. Líkt og fjallað er um í matsskyldufyrirspurninni verður stuttur framkvæmdartími og með mótvægisáðgerðum eru framkvæmdir taldar hafa óveruleg áhrif á Straumsvíkurtjarnirnar. Fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir eru að fyllingarsvæði verði afmarkað með garði áður en efni er dælt frá sjó í þeim tilgangi að minnka hættu á að grugg eða laus efni berist lengra og víðar en annars er þörf á. Takmarka skal framkvæmdir ef mikill vindur er úr norðri og hætta er á meira ölduróti en ella til að minnka líkur á að grugg dreifist inn í Straumsvík og tjarnir.

Í matsskyldufyrirspurn er gerð grein fyrir helstu áhrifaþáttum framkvæmdar og lagt mat á umhverfisáhrif hennar. Umhverfismat er ekki talið koma til með að bæta við nýjum upplýsingum um áhrifa framkvæmda á umhverfið og telja Hafnarfjarðarbær og Hafnarfjarðarhöfn að framkvæmdin sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.